

Fimmtudagurinn 14. desember 1972.

Nr. 163/1972: North Starlight Export Corporation
 gegn
 Ásgeiri H. Magnússyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 28. nóvember 1972, sem barst Hæstarétti 12. desember 1972, hefur sóknaraðili samkvæmt b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 57/1962 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og varnaðilja dæmt að greiða kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kr. 7.000.00 í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, North Starlight Export Corporation, greiði varnaraðilja, Ásgeiri H. Magnússyni, kr. 7.000.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. nóvember 1972.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 24. f. m., höfðaði Óttar Yngvason héraðsdómslögmaður fyrir hönd North Starlight Export Corporation, New York, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 18. desember 1969, á hendur Ásgeiri H. Magnússyni, Háaleitisbraut 119 hér í borg, til greiðslu á skuld að fjárhæð kr. 1.501.75 bandaríkjadollarar ásamt 10% ársvöxtum af 2.477.48 bandaríkjadollurum frá 4. september 1968 til

22. september s. á. og af 1.501.74 bandaríkjadollurum frá þeim degi til 25. október 1968 og með 1% dráttarvöxtum á mánuði eða hluta úr mánuði af 1.501.74 bandaríkjadollurum frá þeim degi til greiðsludags, allt í íslenskum krónum eftir gengi í Reykjavík á greiðsludegi, auk málskostnaðar samkvæmt aukatækjulögum og lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Gegn fullnaðargreiðslu framangreindra krafna lofar North Starlight Export Corp. að afhenda Ásgeiri H. Magnússyni tékka að upphæð 1.000.00 bandaríkjadollarar, útgefinn af Ásgeiri til North Starlight Corp. 14. nóvember 1967 á reikning hans hjá Manufacturers Hanover Trust Co., New York, N. Y.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómarans.

Í stefnu er málavöxtum lýst svo:

„Hin umstefnda skuldarkrafa styðst við skriflega yfirlýsingu aðiljanna gerða í New York, N. Y. 22. sept. 1968, svohljóðandi:

„YFIRLÝSING

Undirritaður Ásgeir H. Magnússon, Háaleitisbraut 119, Reykjavík, viðurkennir hér með að skulda undirrituðu North Starlight Export Corp., New York, N. Y., skv. yfirlitsreikningi nr. 3211, dags. 4. sept. 1968, \$ 2.473.48+\$ 4.00 í bankakostnað, eða samtals \$ 2.477.48 — tvö þúsund fjögurhundruð sjöttíu og sjö bandaríska dollara og 48 cent —. Skuld þessi skal bera 10% — tíu af hundraði — ársvöxtu frá 4. sept. 1968 til greiðsludags.

North Starlight Export Corp. viðurkennir jafnframt að hafa mótttekið frá Ásgeiri H. Magnússyni upp í framangreinda skuld tékka nr. 513536, útgefinn af Rolf Johansen á Union Bank of Switzerland, Geneva, að upphæð svissn. frankar 4.300 — fjögurþúsund og þrjúhundruð svissneskir frankar —, er reiknast skal sem \$ 864.60 — áttahundruð sextíu og fjórir bandarískir dollarar og 60 cent — upp í ofangreinda skuld, þó að frá-dregnum bankakostnaði vegna tékkans eftir reikningi. Tékkinn telst því aðeins greiðsla upp í skuldina, að innistæða verði fyrir honum við framvísun í greiðslubankanum.

Eftirstöðvar framannefndrar skuldar, \$ 1.612.88 — sextán hundruð og tólf bandarískir dollarar 88 cent — auk vaxta, svo sem að framan getur, og nýnefnds bankakostnaðar lofar Ásgeir H. Magnússon að greiða North Starlight Export Corp. við fyrstu afborgun söluandvirðis hlutar síns í fyrirtækinu Fljót-

hreinsun h. f., Reykjavík, sem hann er nú að selja, þó alls eigi síðar en hinn 25. okt. 1968.

Við fullnaðargreiðslu ofangreindrar skuldar lofar North Starlight Corp. að afhenda Ásgeiri H. Magnússyni tékka að upphæð \$ 1.000.00 — eitt þúsund bandarískir dollarar — útgefinn af Ásgeiri til North Starlight Export Corp. 11. nóv. (sic) 1967 á reikning nr. 12020-2 við Manufactures Hanover Trust Co, New York, N. Y.

Rísi mál út af skuld þessari og/eða yfirlýsingu, má reka það fyrir bæjarþingi Reykjavíkur án undangenginnar sáttatilaunar fyrir sáttamönnum.

Yfirlýsing þessi er gerð í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Til staðfestu undirrita aðilar yfirlýsingu þessa í viðurvist tveggja tilkvaddra vitundarvotta.

New York, 22. september 1968,
F. h. North Starlight Export Corp.,
Eyja Henderson

Ásgeir H. Magnússon

Vitundarvottar:

(ólæsilegt nafn)

Hrefna Ólafsdóttir.“

Fyrir tékka þann, sem um ræðir í yfirlýsingunni, að upphæð 4.300.00 svissneskir frankar, útgefinn af Rolf Johansen á Union Bank of Switzerland, Geneva, fékkst hærri fjárhæð en gert var ráð fyrir, er yfirlýsingin var gefin, þ. e. 975.74 bandarkjadollarar (í stað 864.60 bandaríkjadollara). Eru því skuldareftirstöðvarnar 1.501.74 bandaríkjadollarar ($\$ 2.477.48 \div 975.74 = 1.501.74$), sem er stefnufjárhæðin, en ekki 1.612.88 bandaríkjadollarar, eins og við er miðað í yfirlýsingunni ($\$ 2.477.48 \div \$ 864.60 = \$ 1.612.88$).“

Eyja Henderson, stjórnarformaður stefnanda, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að stefnandi hafi sent stefnda reikningsyfirlit mánaðarlega eða á tveggja mánaða fresti, ef um einhver viðskipti hafi verið að ræða, hvort sem um var að ræða greiðslu eða viðskipti. Á árinu 1967 kveður Eyja stefnda hafa verið kominn í \$ 300.00 skuld. Hún kveðst hafa verið stödd hér á landi frá því í október og fram í nóvember til að innheimta útistandandi skuldir og hafi stefndi ekki mótmælt skuldinni, en hann hafi ekki sagzt trúa því, að farið yrði í hart út af skuld-

inni eftir öll viðskipti aðiljanna. Um leið kveður hún stefnda hafa tilkynnt sér, að hann væri að fara til Ameríku eftir nokkra daga og mundi þá eiga stór viðskipti við stefnanda. Mundi hann þá jafnframt koma með peningafjárhæð. Eyja kveðst þá hafa sagt stefnda, að ef hann greiddi gömlu skuldina að fullu, sem verið hafi skuld heildsölu hans, persónuleg skuld og tveir reikningar á Hörð Bjarnason, sem stefndi hafi gengið í ábyrgð fyrir, þá mundi stefnandi senda vörur þær, sem stefndi óskaði eftir að kaupa. Eyja kveður stefnda hafa hitt sig hinn 11. nóvember í New York og hafi hann þá greitt \$ 1.507.00, sem hún hafi gefið honum kvittun fyrir, nr. 2402. Í greiðslu þessari kveður Eyja hafa verið ávísun að fjárhæð \$ 1.000.00, útgefna af stefnda á bankareikning hans í New York, en ekki hafi reynzt innstæða fyrir henni. Með bréfi, dags. hinn 23. nóvember, kveður Eyja stefnda hafa ritað sér, að hann hefði sótt um leyfi fyrir tveim ávísunum að fjárhæð \$ 277.00 og 217.50, og hafi þær komið skömmu síðar. Einnig kveður hún tvær ávísanir að fjárhæð \$ 211.00 og \$ 100.00 hafa komið með bréfi, sem ritað var 11. desember, og hafi hann einnig lofað, að frekari greiðsla kæmi skömmu síðar. Af þessum sökum og þar sem hún hafi talið, að um frekari viðskipti yrði að ræða, kveður Eyja ekki hafa verið rekið á eftir stefnda að koma bankareikningi sínum í lag. Þegar fór að líða á mitt ár 1968, kveður Eyja sér hafa fundizt nóg komið. Hún kveður stefnda nú hafa tjáð sér, að ekki væri lengur hægt að verzlun við Ameríku og að hann væri að hætta að reka heildverzlun sína. Í ágúst og september 1968 kveðst Eyja hafa verið stödd hér á landi til að innheimta skuldir. Kveðst hún hafa marghringt í stefnda og hafi hann marglofað að hitta sig, en hann hafi annað hvort ekki staðið við það eða hann hafi verið svo tímabundinn, að hann hafi ekki mátt vera að fara yfir reikningsuppgjör aðiljanna. Eitt sinn, er þau hittust, kveðst Eyja hafa sýnt stefnda uppgjör stefnanda og beðið hann, þ. e. stefnda, um að undirrita skuldarviðurkenningu. Hún kveður stefnda hafa farið yfir reikningsyfirlitið og hafi hann talið, að hann skuldaði ekki svona mikið. Kveður hún stefnda hafa kvittað undir með fyrirvara, þannig að hann gæti komið með sitt uppgjör og gert athugasemd. Eyja kveður stefnda hafa lofað sér, að þau færu yfir reikningana, áður en stefndi færi til Ameríku í septembermánuði 1968, og einnig hafi hann lofað greiðslu á \$ 1.000.00. Eyja kveður þau stefnda hafa gengið þannig frá málum, að bróðir stefnda kæmi nokkrum dögum síðar og afhenti fjárhæð

þessa. Er svo bróðir stefnda hafi komið, hafi hann komið með ávísun á svissneskan banka að fjárhæð kr. 4.300.00, sem samsvari \$ 993.75. Kveðst Eyja svo hafa mótttekið greiðsluna hinn 9. september 1968 og gefið kvittun nr. 3274. Við móttöku þessarar ávísunar kveðst Eyja hafa afhent bróður stefnda þrjá eða fjóra víxla, sem stefndi hafði afhent Frank Henderson, eiginmanni Eyju, sem greiðslu upp í skuldina, ef greiðsla á þeim fengist, sem ekki hafi orðið raunin. Eyja kveður nú viðskiptabanka stefnanda í New York hafa upplýst, að ekki væri til innstæða fyrir ávsuninni í hinum svissneska banka. Eyja kveðst ekki hafa getað séð annað en þetta hafi verið gert af ásettu ráði og því hafi hún fengið lögfræðing sinn hér á landi til að útbúa löglega skuldarviðurkenningu, sem hún svo hafi farið með til New York til að fá stefnda til að undirrita. Eyja kveðst nú hafa fylgzt með komu stefnda til New York og væntanlegri heimferð og hafi þau hjónin beðið komu hans í afgreiðslu Loftleiða á Kennedy-flugvelli. Eyja kveður stefnda hafa sagt, að hann tryði ekki, að svissneska ávísunin hefði ekki verið í lagi. Eyja kveðst hafa óskað eftir því við stefnda, að hann undirritaði skuldarviðurkenninguna, en hann hafi færzt undan. Kveðst Eyja þá hafa sagt við stefnda, að hann hlyti að geta fórnað einum sólarhring í New York til að fara yfir viðskipti aðiljanna og fullvissa sig um, að ávsunin hefði ekki verið greidd. Eyja kveður stefnda hafa sagt, að hann gæti ekki orðið við þessu, þar sem hann væri með eiginkonu sína og son með sér. Kveðst Eyja þá hafa farið fram á það við stefnda á ný, að hann undirritaði skuldarviðurkenninguna. Eyja kveður, að verið geti, að eiginmaður sinn hafi minnst á það við stefnda, að til kyrrsetningar á stefnda gæti komið, en ekki kveðst hún minnst þess, að í þessum viðræðum hafi verið minnst á lögreglu.

Stefndi hefur skýrt svo frá, að hann og stefnandi hafi átt talsverð viðskipti saman og hafi verið um reikningsviðskipti að ræða. Ýmist hafi reikningar staðið þannig, að hann hafi verið í skuld við stefnanda eða átt inni hjá honum. Stefndi kveður viðskiptum þessum hafa lokið á árinu 1967 og hafi stefnandi talið hann skulda sér. Kveðst stefndi þá hafa óskað eftir viðskiptareikningi, en því hafi ekki verið sinnt af hálfu stefnanda. Loks hafi stefnandi sent reikningsuppgjör það, sem fram sé komið í máli þessu, en það sé hvergi nærri fullnægjandi. Stefndi kveðst nú hafa haldið áfram að óska eftir fullnægjandi reikningsyfirliti. Þá kveðst stefndi oft hafa farið í viðskiptaer-

indum til Bandaríkjanna og þá keypt hjá stefnanda ýmsa persónulega muni, svo sem fatnað, leikföng, sælgæti o. fl., sem hann hafi verið skuldfærður fyrir á viðskiptareikningi sínum. Stefndi kveðst hafa mótmælt niðurstöðu reiknings þess, sem stefnandi hefur lagt fram í máli þessu, \$ 2.473.48, sem rangri. Kveðst hann telja, að samkvæmt bókhaldi sínu hafi hann í septembermánuði 1968 skuldað stefnanda um \$ 1.400.00. Í fjárhæð þeirri, sem hann hefur verið krafinn um, kveður stefndi vera sumt, sem hann hafi ekki talið sig eiga að greiða. Kveðst hann því hafa dregið greiðslu nema greiðslu þá, sem hann hafi sent með ávísun í svissneskum frönkum. Kveðst hann hafa talið, að fjárhæð ávísunarinnar mundi nema um \$ 1.000.00 og því hafi skuldin átt að nema \$ 400.00. Kveðst hann hafa sent ávísunina í þeirri trú, að innstæða væri fyrir henni, enda hafi það reynzt svo tveimur dögum eftir að fyrirsvarsmenn stefnanda höfðu hótad honum kyrrsetningu á flugvellinum í New York. Ekki kveðst stefndi muna, hvernig staðið hafi á útgáfu tékka þess að fjárhæð \$ 1.000.00, sem getið er í yfirlýsingu þeirri, sem hann undirritaði. Kveðst stefndi ekki hafa fyllt tékka þennan út, og kveðst hann margoft hafa beðið fyrirsvarsmenn um skýringu á tékka þessum, en án árangurs. Stefndi kveðst nú hafa verið staddur á Kennedyflugvelli í New York hinn 22. september 1968 ásamt eiginkonu sinni og syni og hafi verið á leið til Íslands að lokinni ferð til Bandaríkjanna. Hafi þau Frank og Eyja Henderson komið og krafizt þess, að hann undirritaði yfirlýsingu þá, sem fram er komin í máli þessu. Stefndi kveður Frank hafa verið búinn að afhenda sér skjalið, nokkrum dögum áður en atburður þessi varð. Stefndi kveðst hafa óskað eftir að fá skjalið til íhugunar og hafi Frank boðið sér það. Kveðst stefndi því hafa verið búinn að vera með skjalið, frá því þeir Frank ræddust við, þar til er stefndi var staddur á Kennedyflugvelli. Stefndi kveður Eyju Henderson hafa spurt sig að því, hvort hann væri enn með skjalið og hvort hann vildi ekki afhenda sér það. Kveðst stefndi hafa talið það sjálfsagt. Hann kveður Eyju jafnframt hafa spurt sig að því, hvort hann ætlaði ekki að undirrita skjalið. Kveðst hann hafa svarað, að það kæmi ekki til greina. Stefndi kveður Frank Henderson hafa sagt, að ef hann ekki undirritaði skjalið, þá fengi hann lögregluna til að stöðva hann, þar sem hann hefði látið þau hjónin hafa tvær óinnleysanlegar ávísanir. Hafi Frank síðan horfið á brott og hafi sér verið gefið í skyn, að hann væri að sækja lögregluna.

Stefndi kveður það einnig hafa komið fram hjá Eyju, að þeim hjónunum væri full alvara með að kyrrsetja hann. Kveðst stefndi því hafa undirritað skjalið nauðbeygður í stað þess að láta kyrrsetja sig, enda hafi hann verið í erfiðri aðstöðu, þar sem eiginkona hans og barn þeirra hafi verið stödd þarna.

Jóna Sigurðardóttir, eiginkona stefnda, hefur skýrt svo frá, að hinn 22. september 1968 hafi þau hjónin verið stödd á Kennedyflugvelli í New York og hafi þau verið á leið heim til Íslands eftir dvöl í Bandaríkjunum. Meðan þau hjónin voru stödd þarna á flugvelli, kveður hún Frank og Eyju Henderson hafa komið til þeirra og hafi Eyja spurt stefnda að því, hvort hann væri enn með skjal það, sem Frank Henderson hafði áður látið hann hafa. Er stefndi hafi játað því, hafi Eyja beðið hann um að láta sig hafa skjalið og hafi hann gert það. Jóna kveður Eyju þá hafa spurt stefnda að því, hvort hann ætlaði ekki að undirrita skjalið, en hann hafi svarað því til, að það kæmi ekki til mála, þar sem það stæðist ekki. Jóna kveður Frank þá hafa sagt, að hann léti stöðva stefnda, þannig að hann kæmist ekki heim, og kveður sér hafa skilizt, að hann hygðist leita aðstoðar lögreglunnar. Jóna kveður Eyju hafa haldið áfram tilraunum sínum til að fá stefnda til að undirrita skjalið, en hann hafi færzt undan. Þá hafi Frank Henderson farið og látið í það skína, að hann mundi láta stöðva stefnda. Jóna kveður stefnda nú hafa spurt sig að því, hvort hún gæti farið ein heim til Íslands, en hún kveðst hafa tekið því illa, þannig að stefndi hafi undirritað skjalið.

Krafa stefnanda er alfarið byggð á yfirlýsingu þeirri, sem stefndi undirritaði í New York hinn 22. september 1968, með breytingu þeirri, sem rakin er í stefnu.

Sýknukrafa stefnanda er byggð á því, að undirskrift hans undir yfirlýsingu þá, sem stefnandi byggir kröfu sína á, sé fengin fyrir ólögmeta nauðung og því ógild samkvæmt 29. gr. laga nr. 7/1936.

Yfirlitsreikningur sá, sem vitnað er til í yfirlýsingu þeirri, sem fyrirsvarsmenn stefnanda létu semja og stefndi undirritaði, fullnægir ekki kröfum, sem gera verður til slíkra skjala. Það er ósannað gegn andmælum stefnda, að hann hafi fengið aðra yfirlitsreikninga um viðskipti aðiljanna. Verður að telja, að þrátt fyrir það þótt stefnandi byggji kröfu sína á greindri yfirlýsingu, sem stefndi undirritaði, þá eigi stefndi rétt á að fá yfirlitsreikning um viðskipti aðiljanna. Þrátt fyrir áskorun, sem

fram hefur komið af hálfu stefnda um framlagningu yfirlitsreiknings, hefur því verið lýst yfir af hálfu stefnanda, að frekari skjöl verði ekki lögð fram í málinu. Samkvæmt þessu og með hliðsjón af ákvæði 145. gr. laga nr. 85/1936 þykir rétt að vísa málinu sjálfkrafa frá dómi. Eins og málsatvikum er háttað, verður málskostnaður ekki dæmdur í máli þessu.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Eggert Kristjánssyni, löggiltum endurskoðanda, og Jóhanni J. Ólafssyni forstjóra.

Dómsorð:

Máli þessu er sjálfkrafa vísað frá dómi. Málskostnaður verður ekki dæmdur.

Fimmtudagurinn 14. desember 1972.

Nr. 197/1971: **Páll M. Jónsson**

(Örn Þór hrl.)

gegn

Samvinnutryggingum

(Gunnar Guðmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Vátrygging. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. desember 1971. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 1.222.883.00 með 7% ársvöxtum frá 1. apríl 1966 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins afrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í Hæstarétti hafa verið lögð fram sýnishorn prentaðra eyðublaða stefnda, þeirra sem hann notaði fyrir orðsend-